


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Spænska 103 fjarnám Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Auður Inga Ólafsdóttir	Sk.st.	AUÐ
----------------	------------------------	---------------	-----


Námsgögn:

Nos vemos! 1 – Cuaderno de ejercicios (útgáfuár: 2014) og *Libro de alumno* (útgáfuár 2014). Útg. Difusión. Fást m.a. í Eymundson – Akureyri, hjá Difusión forlaginu: www.difusion.es og Amazon vefbókabúð. Góðar orðabækur. (Nokkrar góðar netbækur eru inn á Moodle, þaðan sem sett verða inn verkefni og tilkynningar ofl. fyrir fjarnemendur).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Libro de alumno	Cuaderno de ejercicios	Námsmat
4	25.- 29./1	Kafli 1	Æfingar í Cuaderno bókinni eru settar sérstaklega fyrir á Moodle	Kynning áfangans
5	01/2 – 05/2	Kafli 1		Duolingo/Memrise
6	08-12/2	Kafli 1		Moodle verkefni
7	15-19/2	Kafli 2		Heimapróf 1
8	22-26/2	Kafli 2		Duolingo/Memrise
9	29/2-4/3	Kafli 2		skilaverkefni
10	07-11/3	Kafli 3		Moodle verkefni
11	14-18/3	Kafli 3		Heimapróf 2
12	21-25/3	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ
13	28/3-01/4	Kafli 3		Hlustun - skilaverkefni
14	04-08/4	Kafli 4		skilaverkefni
15	11-15/4	Kafli 5		Skila inn hljóðskrá
49	18-20/4	Kafli 5		Duolingo/Memrise
50	23-27/04	Kafli 5		Duolingo/Memrise

Með fyrirvara um breytingar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Spænska 103 fjarnám Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Annað: Nemandi ber að ljúka öllum námsþáttum annarinnar. Einkunn 0 er gefin fyrir verkefni/próf sem ekki er skilað inn og nemandi fær EKKI annað tækifæri til að skila, nema sérstakar óviðráðanlegar aðstæður hafi komið upp. Einkunn 0 er einnig gefin ef augljóst þykir að þýðingasiður á netinu hafi unnið verkefni nemanda.

Til þess að vetrareinkunn reiknist með þarf að ná 45 stigum af 100 mögulegum á lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

2x heimapróf 20% (hvert próf um sig hefur 10% vægi)

Hlustunarverkefni 10%

Munnlegt verkefni 10% (nemendur skila upptöku á mp3 formi til kennara inn á Moodle)

Skilaverkefni gegnum Moodle 10% (Hvert verkefni gildir 2.5% - 2 eyðufyllingarverkefni, 1 skriflegt verkefni, 1 sjálfstæð skilavinna)

Skriflegt lokapróf 50% - Tekið án orðabókar

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjáfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi í kennslutímum. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og nemendum er kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Dagsetning: 22.2016

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagsstj eða staðgengils